



Endurmat

Læsi og samskipti



Skólaárið 2025-2026

Inngangur

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að það er á ábyrgð sveitarfélaga að hafa eftirlit með starfsemi þeirra leikskóla sem þeim tilheyra og tryggja að farið sé eftir Aðalnámskrá sem og lögum og reglugerðum. Þar kemur einnig fram að markmið náms er að efla samskiptafærni barna og stuðla að málþroska þeirra. Þetta endurmat á námsþættinum læsi og samskipti er unnið til að meta stöðu hans í starfi leikskólans og leggja grunn að áframhaldandi þróun og umbótum. Það er að beiðni Menntasviðs Kópavogs sem þessi samantekt á endurmati skólans um námsþáttinn læsi og samskipti er gerð og er hluti af ytra og innra mati.

Framkvæmd

Matið er byggt á viðmiðum/gátlistum sem unnir voru af nefnd á vegum Menntasviðs. Gagnaöflun var gerð með svipuðum hætti og árið 2024-2025. Matsteymi var sett saman í vetur. Farið var inn á allar deildir og ákveðnir þættir metnir út frá gátlistunum. Einnig var rætt við starfsfólk út frá matsþáttunum. Framkvæmdin fór fram í apríl, maí og júní 2026. Í teyminu voru Lilja Vattnes Bryngeirsdóttir, Svanhvít Friðriksdóttir aðstoðarleikskólastjóri, Sigrún Vatnsdal Bjarnadóttir deildarstjóri og Kristín Birta Bjarnadóttir deildarstjóri. Efnistöð matsins voru flokkuð niður og sá Sigrún um að meta matartíma, fataklefa, útiveru og ævintýraferðir. Lilja sá um að meta samverustundir, Lubba, Blæ og líkamlega umhirðu. Kristín Birta skoðaði frjálsan leik, umhverfi og aðlögun og Svanhvít skoðaði kennaraþing og sjálfstýrandi þing. Lögð var svo könnun fyrir foreldra um námsþáttinn og einnig var lögð könnun fyrir starfsfólk. Unnið var svo úr öllum þeim upplýsingum sem var aflað á deildunum og niðurstöðum úr báðum könnunum með það að markmiði að draga fram styrkleika skólans í tengslum við námsþáttinn og þær umbætur sem þarf að vinna með.

Niðurstöður

Matsteymið setti saman niðurstöður byggðar á þeim gögnum sem talin eru hér að ofan og voru niðurstöðurnar nýttar við gerð nýrrar starfsáætlunar fyrir skólaárið 2026-2027.

Engin ágreiningsmál komu upp í þessari umræðu og starfsmannahópurinn samstíga í þeim þáttum skólastarfsins sem þarfnast úrbóta.

Styrkleikar deildanna eru mjög jafnir yfir skólann og sýnir það hvað allar deildir eru samstíga þegar kemur að þessum námsþætti.

Styrkleikar Sjónarhóls, Esju og Lundar:

Niðurstöður sýna að styrkleikar þessara deilda liggja fyrst og fremst í jákvæðu og lifandi samskiptaumhverfi þar sem börn fá fjölbreytt tækifæri til að tjá sig og taka þátt í samræðum. Læsi og samskipti eru vel samþætt daglegu starfi, bæði í frjálsum leik og skipulögðum stundum.

Í samverustundum er rík áhersla á samræður, sögur, söng og hreyfileiki sem styður við orðaforða og tjáningu barna. Börnin fá reglulega tækifæri til að deila upplifunum sínum, ræða hugmyndir og taka þátt í umræðum þar sem áhersla er á virka hlustun og gagnkvæma virðingu.

Í frjálsum leik skapast einnig fjölmörg tækifæri til að efla samskiptafærni, þar sem börn æfa sig í að tjá þarfir sínar, leysa ágreining og vinna saman. Umhverfið styður við læsi með aðgengi að bókum og efnivið sem hvetur til samtals og orðaforðanotkunar.

Heildarmyndin er sú að starfið einkennist af hlýju, gagnvirkni og skipulagi sem styður við málþroska og félagsfærni barna á eðlilegan og samþættan hátt.

Styrkleikar Öskju, Dyngju og Perlu eru:

Á þessum deildum kemur skýrt fram að læsi og samskipti fléttast inn í daglegt starf þar sem börnin fá rík tækifæri til þátttöku. Sérstaklega er styrkur í því hvernig daglegar athafnir, svo sem matartímar, samverur og leikur, eru nýttar sem vettvangur fyrir samskipti og málörvun.

Í starfinu er lögð áhersla á að börn taki virkan þátt í samræðum, bæði sín á milli og með starfsfólki. Samverustundir eru notaðar markvisst til að efla orðaforða, hlustun og tjáningu og þar fá börnin að tjá sig sjálf í öruggu og styðjandi umhverfi.

Í daglegum aðstæðum, svo sem í matartímum og útiveru, eru börn hvött til að tjá sig, ræða upplifanir og læra í gegnum samtal. Starfið einkennist af fjölbreyttum leiðum til málörvunar þar sem áhersla er lögð á að nýta náttúrulegar aðstæður til náms.

Einnig er greinilegt að börnin fá fjölbreytt tækifæri til að æfa samskipti í leik og samstarfi, sem styrkir félagslega færni þeirra og sjálfstraust í samskiptum.

Þau atriði sem má bæta í skólastarfinu í heild:

Þrátt fyrir sterka stöðu má efla starfið enn frekar með því að:

- auka enn frekar notkun fjölbreyttra leiða til að vinna með læsi, svo sem sýnilegt ritmál í umhverfi
- Halda áfram að þróa sameiginlegar leiðir og vinnubrögð til að tryggja samfellu og samræmi milli deilda
- auka markvissa miðlun til foreldra um aðferðir sem notaðar eru til að meta framfarir í málþroska

Umbætur

Aðgerðaráætlun:

Deildastjórar og starfsfólk munu setja inn í starfsáætlun deilda fjölbreyttar leiðir til að vinna með læsi og gera það sýnilegra í umhverfinu. Ábyrgðaraðilar eru deildastjórar og verklok eru í september 2026.

Stjórnendur munu halda áfram að vinna að sameiginlegum leiðum og vinnubrögðum til að tryggja samræmi milli deilda með því að búa til kennsluáætlun sem sýnir hvað börnin eiga að læra á hverju aldursári. Ábyrgðaraðilar eru stjórnendur og verklok eru í desember 2026.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri ætla að gefa út fróðleiksmola er snúa að faglegu starfi og verður meðal annars tekið fyrir málþroski í þeim póstum og þannig miðla til foreldra hvernig haldið er utan um framfarir í málþroska barnanna.

Ábyrgðaraðilar eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og verklok eru í maí 2027.